Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. K/S 30.11.17
Ábm. Svfr.
Afgr. ( )Bréf ( )St.
Lvm. Trm.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Reykjavík 30. nóvember 2017

1511036SA KB/km
Málalykill: 00.14

**Efni: Skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 24. nóvember 2017 var meðfylgjandi skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands til umfjöllunar.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

*„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur til þess að skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands verði lögð fram til kynningar og umræðu í sveitarstjórnum og hjá landshlutasamtökum. Ljóst má vera að stofnun þjóðgarða felur ávallt í sér nokkra skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga, svo sem varðandi leyfisveitingar til atvinnustarfsemi og annarrar nýtingar. Jafnframt liggur fyrir að gjöld fyrir nýtingarleyfi innan marka þjóðgarðs renna til þjóðgarðsins sjálfs. Varðandi næstu skref telur stjórn það skipta mestu máli að skýrar verði dregið fram hvaða starfsemi og mannvirkjagerð verði gert ráð fyrir að samrýmist þeim sviðsmyndum sem dregnar eru upp í skýrslunni.“*

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, samband@samband.is, www.samband.is